



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Stofnun ársins 2022 niðurstöður

Reykjavíkurborg tók í fyrsta skipti þátt í könnuninni Stofnun ársins sem lögð var fyrir í nóvember og desember 2022. Stofnun ársins tók við af viðhorfskönnun meðal starfsfólks sem hafði verið framkvæmd frá árinu 2005. Starfsfólk Reykjavíkurborgar sem eru í Sameyki hafa tekið þátt í könnuninni undanfarin ár en Reykjavíkurborg tók nú í fyrsta sinn þátt í könnuninni fyrir starfsfólk borgarinnar burtséð frá félagsaðild, líkt og ríkið hefur gert undanfarin ár, en könnunin nær einnig til allra ríkisstofnana.

Markmið könnunarinnar er að greina styrkleika og áskoranir í starfsumhverfi og stjórnun starfsstaða starfsfólki til hagsbóta. Könnunin er byggð upp af níu þáttum sem eru; stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti.


Könnunin Stofnun ársins náði til ríflega 30 þúsund þátttakenda árið 2022 og var heildarsvarhlutfall könnunarinnar 52%. Könnunin náði til 9.478 starfsmanna Reykjavíkurborgar og alls bárust 4.838 svör og var svarhlutfallið því 51% sem er jafnt því sem það var í viðhorfskönnun meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar sem framkvæmd var síðast fyrirhluta árs 2022. Í töflunni hér að neðan má sjá svarhlutfall eftir sviðum ásamt samanburði við svarhlutfall í síðustu viðhorfskönnun meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar.

Tafla 1. Svarhlutfall

	Stofnun ársins 2022		Viðhorfskönnun RVK 2022
	Fjöldi svara	Svarhlutfall	Svarhlutfall
Reykjavíkurborg	4838	51%	51%
Íþrótt- og tómstundasvið	216	70%	72%
Menningar- og ferðamálasvið	120	63%	71%
Miðlæg stjórnsýsla	64	82%	88%
Skóla- og frístundasvið	2584	48%	48%
Umhverfis- og skipulagssvið	204	49%	57%
Velferðarsvið	1417	51%	45%
Fjármála- og áhættustýringarsvið	75	71%	91%
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	15	94%	95%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	143	74%	95%



Mynd 1 sýnir meðaltöl starfsstaða og stofnana sem náðu þátttökuskilyrðum sem eru að svarhlutfall starfsstaðarins þurfi að ná 35% og að lágmark 5 svör berist frá starfsstaðnum. Heildareinkunn starfsstaða Reykjavíkurborgar er 4,08 en 4,07 hjá ríkisstofnunum og 4,05 hjá sjálfseignarstofnunum og fyrirtækjum í almannabjónustu. Einkunn Reykjavíkurborgar er hærri á fimm þáttum heldur en hjá ríkinu og sjálfseignarstofnunum en það er á þáttunum stjórnun, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti.



Mynd 1. Meðaltöl allra starfsstaða á lista hjá Reykjavíkurborg, ríki og sjálfseignarstofnunum og fyrirtækjum í almannabjónustu.




Í töflu 2 má sjá heildareinkunn þátta eftir sviðum óháð því hvort starfsstaður komst á lista eða ekki. Sá þáttur sem kemur best út er ánægja og stolt en lægstur er þátturinn er snýr að launakjörum.

Tafla 2. Heildareinkunn þátta eftir sviðum óháð því hvort starfsstaður komst á lista eða ekki.

	FAS	ÍTR	MOS	MOF	SFS	RHUS	USK	VEL	ÞON	RVK	heild
Heildareinkunn	3,86	4,24	4,28	4,04	4,02	4,04	3,85	4,09	4,21		4,05
Stjórnun	4,00	4,35	4,69	4,12	4,22	4,25	4,01	4,24	4,45		4,22
Starfsandi	4,02	4,32	4,56	4,21	4,23	4,27	4,19	4,27	4,46		4,25
Launakjör	2,87	3,63	3,31	2,69	2,84	3,32	2,77	3,31	3,28		3,03
Vinnuskilyrði	3,63	3,91	3,75	3,70	3,55	3,69	3,68	3,75	3,91		3,65
Sveigjanleiki í vinnu	4,26	4,22	4,28	4,21	4,02	4,13	4,08	4,07	4,50		4,07
Sjálfstæði í starfi	4,15	4,36	4,37	4,17	4,18	4,29	4,08	4,19	4,27		4,19
Ímynd	3,67	4,28	4,00	4,44	4,16	3,44	3,31	4,06	3,67		4,07
Ánægja og stolt	3,90	4,41	4,62	4,29	4,23	4,26	3,97	4,29	4,48		4,25
Jafnrétti	4,05	4,51	4,46	4,23	4,38	4,42	4,17	4,37	4,50		4,37


Spurt var um það hvort viðkomandi hafi orðið fyrir einelti í vinnunni eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum. Niðurstöður þess má sjá á mynd 2. Alls töldu 5,6% starfsfólk sig hafa örugglega eða líklega orðið fyrir einelti síðastliðna 12 mánuði.



Mynd 2. Hefur þú orðið fyrir einelti í vinnunni eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum?




Þeir sem svöruðu því játandi að hafa orðið fyrir einelti fengu spurningu um hver gerandinn hefði verið. Mynd 3 sýnir niðurstöður þeirrar spurningar en 55,7% svöruðu að gerandi hefði verið vinnufélagi en 36,5% sögðu gerandann hafa verið stjórnanda. Mynd 3 sýnir þessar niðurstöður.



Mynd 3. Þú svaraðir að þú hefur lent í einelti. Var gerandinn/gerendurnir stjórnandi/stjórnendur, vinnufélagi/samstarfsfólk, undirmaður/undirmenn, viðskiptavinur/notandi þjónustu eða annar?


Spurt var um hvort starfsfólk hefði orðið fyrir kynferðislegri áreitni í vinnunni eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum. Mynd 4 sýnir þessar niðurstöður en 2,6% starfsfólks sagði sig örugglega eða líklega hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni á síðastliðnum 12 mánuðum.



Mynd 4. Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni í vinnunni eða á vinnutengdum atburðum á síðastliðnum 12 mánuðum?




Þegar spurt var nánar út í gerendur hjá þeim sem sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni þá voru langflestir eða 55,1% sem sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu viðskiptavinar eða notanda þjónustu. Alls sögðu 32,7% geranda vera vinnufélaga eða samstarfsfólk.



Mynd 5. Þú svaraðir að þú hefur lent í kynferðislegri áreitni. Var gerandinn/gerendurnir stjórnandi/stjórnendur, vinnufélagi/samstarfsfólk, undirmaður/undirmenn, viðskiptavinur/notandi þjónustu eða annar?



Spurt var út í ánægju með styttingu vinnuvikunnar og voru 44,1% starfsfólks mjög ánægt með styttinguna, 22,1% frekar ánægð og 19,70% frekar eða mjög óánægð. Til samanburðar þá í síðustu viðhorfsskönnun sem lögð var fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar í upphafi árs 2022 þá voru 72,4% mjög eða frekar ánægð með styttingu vinnuvikunnar miðað við 66,2% í þessari könnun.



Mynd 6. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með verkefnið „betri vinnutími/stytting vinnuvikunnar“?

Virðingarfyllt,
Lóa Birna Birgisdóttir
Mannauðs- og starfsumhverfissvið
Skrifstofa sviðsstjóra